

Vegna yfirlýsingar Þórs Saari og Birgittu Jónsdóttur er rétt að eftirfarandi komi fram.

Stjórn Borgarahreyfingarinnar hefur að mínu viti hvorki brotið trúnað gagnvart einstaklingum né málefnum. Undirritaður vísar öllum slíkum ásökunum á bug og biður höfunda þess hugarburðar að rökstyðja slíkt telji þeir sig vita betur.

Undirritaður hafði samband við Margréti Tryggvadóttur um leið og honum barst téður einkapóstur og bað hana að hafa tafarlaust samband við Þráinn Bertelsson og biðjast afsökunar. Margrét neitaði hins vegar að hafa samband við Þráinn á þeirri forsendu að Þráinn hefði ekki fengið bréfið.

Hún neitaði einnig að verða við þessari beiðni þegar Lilja Skaftadóttir síðar hringdi í sömu erindagjörðum.

Það er því einfaldlega rangt að Margrét hafi sent Þráni afsökunarbréf áður en Þráni var tilkynnt um bréfið, þó henni hafi verið gefinn ríflegur tími til að hugsa hið rétta í stöðunni.

Það eru skiptar skoðanir innan stjórnar í flestum málum og sé svo þá eru málin rædd í þeim tilgangi að finna sameiginlegan flöt á. Stjórnarmenn hafa hingað til skilið sáttir á fundum sínum og unað niðurstöðu þeirra. Svo var einnig í þessu máli.

Það er því af og frá að kenna sundurlyndi stjórnar um hvernig þetta mál hefur rýrt trúverðugleika og traust Borgarahreyfingarinnar.

Það að fólk innan stjórnar hafi sýnt þann manndóm að láta Þráinn vita um téð bréf ber að vott um heiðarleika.

Það að aðilar innan stjórnar hafi látið Margréti vita fyrir og beðið hana að hafa samband við Þráin ber vott um vilja til sáttu.

Það að þrír þingmenn Borgarahreyfingarinnar grípi til ósanninda til varnar eigin skinni í þessu máli ber að mínu viti vott um dómgreindarrest.

Guðmundur Andri Skúlason  
Varamaður í stjórn Borgarahreyfingarinnar